

Fundur stjórnar ÆSKP 20. maí 2019 í Neskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Sóley Adda, Eva Björk, Berglind, Sigurður Óskar og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 17.00.

Skrifað undir stjórnarskipti

Nýja stjórnin ritar undir stjórnarskipti.

Landsmót í Ólafsvík 2019

Mótið er síðustu helgina í október, 25-27. okt (90% líkur).

Það þarf að fara að auglýsa í landsmótsnefnd, svo það er nauðsynlegt að fara yfir hvaða hlutverk þurfa að vera á mótinu.

Stungið er upp á Konný og Herdísí sem L0. Þær geta mögulega unnið báðar saman að því að halda utan um sjálfboðaliðana og vaktaplanið.

Sá sem er að gera vaktarplanið þarf að fara með skoðunarteyminu að skoða staðsetninguna.

Það þarf að endurmeta skipulag sjálfboðaliðana fyrir næsta mót. Það þarf að undirbúa verkefnaskiptinguna betur, að vinna þau ekki alveg út laugardaginn svo þau verði ekki orkulaus á sunnudeginum. Það þarf líka að pasása upp á að þau fái sína andlega næringu, að þau fái að taka þátt í einhverjum ákveðnum viðburðum fræðslunnar. Við getum líka hugað að hópefli sérstaklega fyrir þau, mögulega á deginum fyrir mót þegar sjálfboðaliðarnir eru mættir.

Jónína stingur upp á því að vinna meira með því að láta teymi fylgja hverju hlutverki, s.s. sjálfboðaliðar og vaktaplan, eða hæfileikakeppni og leikur.

Jónína kom með hugmynd af nýjum leik í staðinn fyrir MiP. Henni datt í hug að hafa teningaraleik:

- Einfaldar leikreglur, ekkert app.
- Gætum verið búin að biðja félögin að fara í teningaraleik fyrir mótið, til að tryggja að allir kunni leikinn.
- Sjálfboðaliðarnir gætu farið í hann á komudegi þeirra til að ákveða hversu margar stöðvar ættu að vera. Virkar líka sem hópefli fyrir þau.

- Jónína veltir fyrir sér hvort að það ætti að nota Kodak einnota myndavélar í leiknum til að taka myndir. Það þarf að hafa fund við Brynju um persónuverndarlögin um myndbirtingu.
- Jónína er með frekari útfærslu á leiknum.

Það þarf að huga betur að kaffihorninu á næsta móti. Það má ekki að vera of lokað, en það þarf samt smá privacy.

Hugmynd um að panta kókdósir og láta prenta eitthvað á þær, eins og t.d. biblíunöfn eða biblíuvers.

Hugmynd um að umbreyta sjoppunni þannig að það verður að „kaffihorni“ þátttakenda.

Hugmynd um að mótið byrji á fimmtudegi fyrir þeim sem koma langt að. Þá yrði stoppað á leiðinni og gist.

Hefðin er sú að biskup setur mótið og vígslubiskup prédikar á sunnudeginum.

Hugmynd fyrir þemað á landsmóti er sjálfsvirðiekk

Landsmótsnefndin:

Landsmótsstjóri: Óskar Ingi.

Framkvæmdarstjóri ÆSKP: Jónína Sif.ee

Gjaldkeri ÆSKP og bílamál: Katrín Helga.ere

Umsjón með fræðslu: Jóhanna Ýr.

Umsjón með leik og hæfileikakeppni (2x): Siggi og ?

Umsjón með sjálfbóðaliðum og vaktaskiptingu: Konný og Herdís?

Umsjón með sjoppu og upplýsingarborði og kósýhorni (veitingastjóri): ?

Hvíslhorn: Hjalti? (Þarf ekki að vera í nefnd)

Tæknimál: Einhver á staðnum.

Skjávarpi: (Þarf ekki að vera í nefnd) ?

PR: Daníel

Önnur mál

Jónína vill líka styrkja tengslin við landsbyggðina og telur að framkvæmdarstjóri og einhver úr stjórninni ætti að sitja fundi með ÆSKA og ÆSKEY, o.s.frv.

Hugmynd er um að halda Landsmót 2020 á Sauðárkróki sem plan A og Blönduós sem plan B.

Næsti fundur verður mánudaginn 3. júní, kl. 16.30.

Fundi slitið kl. 18.50